

## Fundargerð 164. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

164. / 20. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands  
14. október 2021 kl 13:00 á Síreksstöðum í Vopnafirði

### Heilbrigðisnefndarmenn:

Jón Björn Hákonarson  
Sandra Konráðsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson  
Helgi Hlynur Ásgrímsson

### Í gegnum fjárfundarbúnað:

Benedikt Jóhannsson  
Kristín Ágústdóttir

Gunnhildur Imsland

### Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson  
Dröfn Svanbjörnsdóttir

Lára Guðmundsdóttir  
Elínborg Sædís Pálsdóttir

### Dagskrá:

1	Bókuð útgefin starfsleyfi .....	939
2	Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi .....	940
3	Málefni einstakra fyrirtækja / starfstöðva .....	940
4	Fyrirhuguð endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir .....	941
5	Endurskoðun á eftirlitskerfi með matvælum, mengunarvörnum og hollustuháttum .....	941
6	Urðunarstaðir riðufjár .....	941
7	Ársreikningur 2020 .....	941
8	Breytingar á gjaldskrá .....	942
9	Fjárhagsáætlun 2022 .....	942
10	Samningur um framkvæmd eftirlits með fiskimjölverksmiðjum .....	942
11	Vinna milli funda .....	942
12	Önnur mál .....	943

## 1 Bókuð útgefin starfsleyfi

### 690 Vopnafjarðarhreppur

- Hágangur ehf.**, kt. 670405-0870. Breyting á starfsleyfi fyrir **sjúkráþjálfun að Lónabraut 4**. Leyfi útgefið 31.8.2021.
- Vopnafjarðarhreppur**, kt. 710269-5569. Breyting á starfsleyfi fyrir **apótek að Kolbeinsgötu 8**. Leyfi útgefið 6.9.2021.
- Heiðbjört Antonsdóttir**, kt. 200751-3969. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **hárgreiðslustofu að Skuldarhalla 1**. Leyfi útgefið 13.10.2021.

### 700-701 Múlaþing - Fljótsdalshérað

- Kristjana Júníusdóttir**, kt. 260563-5649. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **gistingu að Ekru**. Leyfi útgefið 1.9.2021.
- Dýralæknastofan á Egilsstöðum ehf.**, kt. 630720-0870. Starfsleyfi fyrir **dýralæknastofu að Bjarkarhlíð 2**. Leyfi útgefið 3.9.2021.
- Hreinsitækni ehf.**, kt. 621293-2069. Starfsleyfi fyrir **söfnun og flutningi á sérstökum úrgangi og seyru** og fyrir **viðgerðaraðstöðu eigin véla að Lagarbraut 4**. Leyfi útgefið 7.9.2021

### 710 Múlaþing – Seyðisfjörður

- Múlaþing**, kt. 660220-1350. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **mötuneyti í Herðubreið, Austurvegi 4**. Leyfi útgefið 8.9.2021

### 735 Fjarðabyggð – Eskifjörður

- h) **Eskja hf.**, kt. 630169-4299. Starfsleyfi fyrir **niðurrifi á Strandgötu 40 og Strandgötu 42**. Leyfi útgefið 15.9.2021.

740 Fjarðabyggð – Neskaupstaður

- i) **Fiskmarkaður Austurlands ehf.**, kt. 580298-3119. Starfsleyfi fyrir **fiskmarkað að Naustahvammi 64**. Leyfi útgefið 1.9.2021.
- j) **Verkmenntaskóli Austurlands.**, kt. 520286-1369. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **mötuneyti að Nesgötu 40**. Leyfi útgefið 22.9.2021.

765 Múlaþing – Djúpiþingur

- k) **Brazerý ehf.**, kt. 610721-0870. Starfsleyfi fyrir **sölu á veitingum og gistingu, litla matvælavinnslu og vatnsveitu að Karlstöðum**. Leyfi útgefið 7.9.2021

780-781 Höfn.

- l) **Pórbergur Torfason kt.**, 120354-7449. Starfsleyfi fyrir **seyrugryfju** ofan þjóðvegur, vestan brúar yfir **Steinavötn**. Leyfi útgefið 30.9.2021

*Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.*

## 2 Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi

735 Fjarðabyggð – Eskifjörður

- a) **Trausti Reykdal Guðvarðsson** kt. 251244-2789. Tóbakssöluleyfi í verslun sinni að **Strandgötu 29a**. Leyfi útgefið 7.10.2021.

780-781 Höfn.

- b) **Hafnarbúðin ehf.**, kt. 480617-0960. Tóbakssöluleyfi í **Hafnarbúðinni Ránarslóð 2a**. Leyfi útgefið 11.10. 2021

*Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra tóbakssöluleyfa*

## 3 Málefni einstakra fyrirtækja / starfstöðva

### 3.1 Blábjörg ehf.

Fyrirtækinu var veitt undanþága fyrir notkun á brómi til sótthreinsunar á baðvatni í einum heitum potti á fundi nefndarinnar 11.10.2017. Sýni sem tekin hafa verið í pottinum hafa ekki öll verið að standast ákvæði reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Þá kom í ljós í eftirlitsferð að bróm er notað til að sótthreinsa tvo heita potta en ekki einn.

*Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að undanþágan sem veitt var árið 2017 gildir aðeins um einn pott en ekki tvo og gerir þá kröfu að bróm verði aðeins notað í þann pott sem heimildin nær til. Jafnframt lýsir nefndin yfir áhyggjum af því að sýni sem tekin hafa verið að undanfögnu skuli ekki hafa staðist kröfur reglugerðar og áformar að fella undanþáguna úr gildi nema niðurstöður úr komandi sýnatökum sýni fram á bætt ástand baðvatnsins.*

### 3.2 Jökulsárlón ferðapjónusta ehf.

Á 163. fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands var samþykkt að hefja innheimtu dagsekta að upphæð kr.10.000,- á dag frá og með 1.október sl. hafi ekki verið bætt úr ástandi fráveitumála fyrir þann tíma. Í tölvupósti frá fulltrúa fyrirtækisins þann 28.9 kom fram að úrbótum væri enn ekki lokið og óskað var eftir að innheimtu dagsekta yrði frestað til 15. október nk.

*Heilbrigðisnefnd sér ekki ástæðu til þess að veita frekari fresti og hafnar ósk fyrirtækisins. Dagektir verða því að óbreyttu innheimtar frá og með 1. október sl. í samræmi við ákvörðun*

*heilbrigðisnefndar á 163. fundi. Fyrsti gjalddagi dagsekta verður 1. nóvember nk. í samræmi við 3.mgr. 61.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

#### **4 Fyrirhuguð endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir**

Í tölvupósti frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 16. september sl. upplýsti ráðuneytið að undirbúningsvinna varðandi endurskoðun laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir væri hafin. Jafnframt kom fram að samráð yrði haft við stjórnvöld og aðra haghafa varðandi þá vinnu sem framundan er.

*Heilbrigðisnefnd telur fulla þörf á endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og fagnar því samráði sem boðað er varðandi vinnuna framundan.*

#### **5 Endurskoðun á eftirlitskerfi með matvælum, mengunarvörnum og hollustuháttum**

Í frétt sem birtist á vef stjórnarráðsins þann 15. september sl. kom fram að á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis sé hafinn vinna við endurskoðun á eftirlitskerfi með matvælum, mengunarvörnum og hollustuháttum. Fram kemur að fyrirhuguð endurskoðun sé unnin framhald af vinnu KPMG sem á síðasta ári vann greiningu á opinberu eftirliti að beiðni ráðneytanna tveggja.

*Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að missagt er í frétt á heimasíðu Stjórnarráðsins að niðurstaða KPMG sé að ósamræmis gæti í framkvæmd opinbers eftirlits hér á landi. Hið rétta er að í skýrslu KPMG kemur fram að utanumhald er ekki að fullu samræmt, að fimm tegundir gagnagrunna eru notaðir við framkvæmd eftirlits og að slíkt **geti leitt til ósamræmis**. Heilbrigðisnefnd gerir ráð fyrir að fá að koma að þeirri vinnu sem framundan er með einum eða öðrum hætti í samræmi við orðalag fréttarinnar um fyrirhugað samráð við haghafa. Að lokum ítrekar Heilbrigðisnefnd Austurlands þá afstöðu sína að best og hagkvæmast sé að að eftirliti sé sinnt úr nærumhverfinu í stað þess þenja út miðlægar eftirlitsstofnanir*

#### **6 Urðunarstaðir í tengslum við búfjárjúkdóma**

Nýlega kom í ljós að framkvæmdaleyfi vegna malarnáms í Norðfjarðarsveit hafði verið gefið út í næsta nágrenni við urðunarstað fyrir riðufé frá árinu 1987. Sérfræðingur frá Matvælastofnun fór á staðinn ásamt fulltrúum frá sveitarfélaginu, landeiganda, heilbrigðiseftirliti og fleiri aðilum. Að mati Matvælastofnunar var ekki talin hætta á ferðum ef malarnámið færir ekki nær urðunarstaðnum en nú er. Engar upplýsingar um staðsetningu urðunarstaðarins lágu hins vegar fyrir hjá Matvælastofnun en staðsetning hans var fundin með aðstoð heimamanna sem tóku þátt í urðuninni á sínum tíma

*Heilbrigðisnefnd beinir því til Matvælastofnunar að stofnunin taki saman upplýsingar um urðunarstaði vegna riðuniðurskurðar og annarra búfjárjúkdóma á starfssvæði nefndarinnar sem allra fyrst. Að mati heilbrigðisnefndar er afar mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir og að urðunarstaðir í tengslum við búfjárjúkdóma verði tilgreindir í aðalskipulagi sveitarfélaga. Jafnframt vekur heilbrigðisnefnd athygli umhverfisnefnda sveitarfélaga á málinu.*

#### **7 Ársreikningur 2020**

Fyrirliggur endurskoðaður ársreikningur frá KPMG.

Nefndarmenn samþykkja ársreikning með rafrænni undirskrift og vísa honum til endanlegrar afgreiðslu aðalfundar

## 8 Breytingar á gjaldskrá

Umræða um gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Austurlandi. Lögð var fram tillaga um að upphæðir í gjaldskrá hækki til samræmis við verðlagshækkanir

*Heilbrigðisnefnd samþykkir að vísa tillögu að gjaldskrárbreytingum til afgreiðslu aðalfundar*

## 9 Fjárhagsáætlun 2022

Tillaga að fjárhagsáætlun vegna ársins 2022 lögð fram

*Heilbrigðisnefnd samþykkir að vísa tillögunni til afgreiðslu aðalfundar*

## 10 Samningur um framkvæmd eftirlits með fiskimjölsverksmiðjum

Á 163. fundi heilbrigðisnefndar þann 1. september sl. var samþykkt að óska eftir nýjum samningi við Umhverfisstofnun um framkvæmd eftirlits með fiskimjölsverksmiðjum. Í svari frá Umhverfisstofnun þann 13. október sl. kom fram að stofnunin hefði ákveðið að endurnýja ekki samninginn.

*Heilbrigðisnefnd lýsir yfir miklum vonbrigðum með þessa ákvörðun Umhverfisstofnunar. Nefndin bendir á að hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands starfa heilbrigðisfulltrúar sem hafa víðtæka þekkingu og reynslu af eftirliti með mengandi starfsemi og að HAUST hefur sinnt eftirliti með fiskimjölsverksmiðjum og sorpurðunarstöðum f.h. Umhverfisstofnunnar um áratugaskeið. Það er sárt að horfa á eftir verkefnum flytjast frá sveitarfélögum á landsbyggðinni yfir til ríkisstofnanna á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst vegna þess að heilbrigðisnefnd hefur á undanförunum árum og áratugum sýnt mikið frumkvæði í því taka að sér eftirlitsverkefni fyrir hönd ríkisstofnanna. Það er enn bjargsföst trú Heilbrigðisnefndar Austurlands að það sé allra hagur, ekki síst út frá umhverfissjónarmiðum, að eftirliti sé sinnt úr nærumhverfinu og harmar því mjög að ákvörðun Umhverfisstofnunar í þessum málum sé á þennan hátt. Í ljósi áherslna stjórnvalda um störf án staðsetninga og fjölgun þeirra á landsbyggðinni þá skorar Heilbrigðisnefnd Austurlands á ráðherra og þingmenn kjördæmisins að taka þessi mál til umræðu.*

## 11 Vinna milli funda

### Umsagnir um skipulagsmál

- 11.1 um skipulagslýsingu og vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Álfaás gistipjónusta í landi Ketilstaða
- 11.2 um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóð gamla frystihússins á Borgarfirði.
- 11.3 um tillögu að að endurskoðuðu aðalskipulagi Fjarðabyggðar

### Aðrar umsagnir

- 11.4 Um tímabundið áfengisleyfi í íþróttahúsinu við Heppuskóla 18.9.2021.
- 11.5 um rekstrarleyfisumsókn Hótelis Eskifjarðar ehf., vegna reksturs gististaðar í flokki IV að Strandgötu 47 á Eskifirði
- 11.6 um tækifærisleyfi vegna skólaskemmtunar ME í Aski taproom 21.10.2021
- 11.7 um tækifærisleyfi vegna skólaskemmtunar FAS í Sindrabæ 7.10.2021

## 12 Önnur mál

- 12.1 Aðalfundur Byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands  
Aðalfundur byggðasamlagsins fer fram á Höfn í Hornafirði þann 3. nóvember nk.
- 12.2 Næsti fundur heilbrigðisnefndar er skv. fundardagskrá þann 1. desember nk.

Fundi slitið kl. 14:00

Fundargerðin færð í tölvu og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Fundargerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

---

Jón Björn Hákonarson

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Helgi Hlynur Ásgrímsson

---

Kristín Ágústsdóttir

---

Benedikt Jóhannsson

---

Sandra Konráðsdóttir

---

Leifur Þorkelsson

---

Gunnhildur Imsland